

Fundargerð 19. fundar

Haldinn á Teams 9. júlí 2026

Mætt eru: Ása, Guðrún, Jón Björn, Kjartan, Pétur, Svanfríður og Rán

1. Staðfesting fundargerðar 18.

Fundargerð samþykkt

2. Tillaga verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar um flokkun virkjanahugmynda og afmörkun átta verndarsvæða á grundvelli laga nr.48/2011.

Verkefnisstjórn 6. áfanga rammaáætlunar leggur til að eftirtaldar virkjanahugmyndir* verði flokkaðar í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar og þar með þau verndarsvæði sem af því leiða en afmörkun þeirra er hluti tillögunnar

Svæðin eru eftirfarandi (virkjanakostirnir eru innan sviga ef þeir eru fleiri en verðnarsvæðið):.

- Jökulsá á Fjöllum (Arnardalsvirkjun, Helmingsdalsvirkjun) .
- Geysir (einnig friðlýstur sem náttúruvætti 2020).
- Kerlingarfjöll (Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar, Þverfell. Einnig friðlýst sem landslagsverndarsvæði 2020)
- Brennisteinsfjöll.
- Gjástykki.
- Hólmsá – Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun.
- Jökulfall og Hvítá (Gýgjarfossvirkjun, Bláfellsvirkjun)
- Tungnaá (Tungnaárlón, Bjallavirkjun)

Forsaga málsins er sú að hinn 27. mars 2024 felldi Hæstiréttur úr gildi ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingu á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Niðurstaðan byggði á því að ákvörðunina skorti lagastoð. Friðlýsingin sjálf var á grundvelli 53. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd. Það ákvæði mælir fyrir um að svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skuli friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Skilyrði þess að beita náttúruverndarlögunum er því að svæðið hafi verið þegar verið afmarkað í áætlun Alþingis. Þar sem þingsályktun nr.13/141 um áætlun um vernd- og orkunýtinga landsvæða hafði einungis tilgreint virkjanakosti í verndarflokk en ekki afmarkað landssvæðið landfræðilega, var ráðherra óheimilt að afmarka svæðið einhliða við útfágu friðlýsingarinnar.

Með hliðsjón af fordæmisgildi dómsins og meginreglum stjórnarsýslulaga um afturkallanir ógildanlegra ákvarðana ákvað umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að afturkalla friðlýsingar átta verndarsvæða þar sem friðlýsingar höfðu verið framkvæmdar á sömu forsendum þ.e.a.s. virkjanahugmyndir innan viðkomandi verndarsvæða voru flokkaðir í verndarflokk áætlunarinnar, en Alþingi fjallaði ekki um afmörkun verndarsvæðanna eins og lög nr.48/2011 kveða á um. Niðurstaða Hæstarétta hefði því áhrif á lögmæti allra friðlýsinganna.

* Skv. lögum nr. 17/2026 breytist orðanotkun þannig að orðið virkjanakostur er einungis notað yfir virkjunarhugmynd á tilgreindu virkjunarsvæði sem flokkuð hefur verið í orkunýtingarflokk.

Eftir að þessi niðurstaða lá fyrir var ákveðið að beina því til verkefnisstjórnar rammaáætlunar að taka umrædda virkjunarkosti aftur til mats í samræmi við ákvæði laganna um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þegar tillögur verkefnisstjórnar lægju fyrir mundi Alþingi síðan fá þær til afgreiðslu.

Þessar tillögur liggja nú fyrir, en þær eru, að athuguðu máli, að þessir virkjanakostir og þau verndarsvæði sem af þeim leiða eigi að falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar og er verið að ganga frá þeirri tillögu með greinaargerð svo hún getir farið til kynningar og umsagna í samráðsgátt stjórnvalda.

Einnig fer fram umhverfismat skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

3. Rætt um vinnufund verkefnisstjórar og faghópa 4. september

Ákveðið að vera með kynningarfund um breytingar á lögum og reglugerð um rammaáætlun þennan dag kl.13-16 en á síðasta vetri samþykkti Alþingi tvær viðamiklar breytingar á lögunum um verndar og orkunýtingaráætlun, lög nr. 48/2011.

4. Vindorkuhugmyndir til mats í haust

Sjö vindorkuhugmyndir munu koma til mats að loknu sumarleyfi. Það eru þær virkjanahugmyndir sem verkefnisstjórn 5. áfanga flokkaði í biðflokk og skilaði ráðherra í skýrslu í maí 2025. Tvær af þeim virkjanahugmyndum hafa verið dregnar til baka af framkvæmdaaðilum; Hrutavirkjun og Vindheimavirkjun. Reykjanesgarður er áfram í biðflokki á meðan eldsumbrot eru á svæðinu.

5. Drög að fundaaætlun næsta haust

Rætt um fundartíma verkefnisstjórnar á haustönn. Ákveðið að ganga frá þeirri dagskrá á næsta fundi.

Fundi slitið kl.14.30